

Gísli Sigurðsson

ÓLAFUR ÞÓRÐARSON HVÍTASKÁLD OG MUNNLEG KVÆÐAHEFÐ Á VESTURLANDI UM MIÐJA 13. ÖLD Vitnisburður vísnaðemanna í 3. málfræðiritgerðinni

Beinar heimildir um munnlega sagna- og kvæðahefð á 13. öld eru fábrotnar. Þá fóru engir þjóðfræðingar um héröð og söfnuðu efni á segulbönd eða skráðu beint á blað úr munnlegri geymd. Til er gnótt ritaðra sagna og kvæða frá þessari gullöld íslenskra bókmennta en við vitum ekki hvernig og hvort það efni tengist einhverri munnlegri hefð þar sem fólk þuldi sögur og kvæði af sama tagi og við getum lesið á bókfellinu. Raddir sagna- og kvæðamanna eru löngu þagnaðar og eftir stendur hið ritaða orð. Þrátt fyrir þetta heimildaleysi þykir flestum sjálf-sagt að gera ráð fyrir að fólk á 13. öld hafi getað sagt sögur og farið með kvæði. En spyrja má: Hvernig var þetta efni og hvað höfðu menn mikla yfirsýn um sagnaefni útfyrir sína heimabyggð?

Í umræðum um fornsögur hafa menn aldrei þreyst á að kljást um hlut munnlegrar hefðar og skapandi rithöfundar í einstökum sögum. Þegar kemur að kvæðum sem eignuð eru nafngreindum skáldum hefur lítið farið fyrir umræðu um hvað ætla megi að hafi verið almennur þekkingarforði af slíku efni. Hvaða höfunda þurftu allir að kannast við, sem vildu fylgjast með í ljóðlistinni? Á vorum dögum eru slíkir höfundar jafnan saman komnir í lestrarbókum handa skólafólki. Þeir sem hafa lesið og kunna úrval Sigurðar Nordals í *Íslenskri lestrarbók* eru til dæmis bærilega vel að sér í helstu sögum, kvæðum og höfundum sem ætlast er til að fólk hafi á reiðum höndum í spurningakeppnum hér á landi. Sambærilegur þekkingarbanki erlendra námsmanna er saman kominn í *An Introduction to Old Norse* eftir E. V. Gordon, sem hefur verið notuð víða við kennslu byrjenda í forníslenskum bókmenntum.

En hvernig getum við fengið mynd af þessum sameiginlega kvæðaarfi ljóðaunnenda á 13. öld? Höfðu menn yfirsýn yfir allt landið á þeim tíma? Vissu skáld á vesturlandi af vísnum kollega sinna fyrir austan? Hvaða skáld þekktu menn úr fortíðinni? Ein leið til að nálgast svör við þessum spurningum er að athuga þau skáld og kvæði sem Ólafur Þórðarson hvítaskáld (1210/12?-1259) vitnar til í Málskrúðsfræði sinni, sem oft er nefnd Þriðja málfræðiritgerðin í Wormsbók Snorra-Eddu. Ætla má að þar megi finna kvæðadæmi skálda sem hann hefur haft á hraðbergi, vel menntaður maður úr bókmenntaklískum á vesturlandi um miðbik 13. aldar.

Ólafur kemur víða fyrir í *Sturlungu* og honum bregður fyrir í *Hákonar sögu* og *Knytinga sögu*. Hann var eldri albróðir Sturlu sagnaritara og bróðursonur Snorra Sturlusonar, og hefur sennilega haft klerklærdóm framyfir þá frændur sína því að Ólafur hlaut vígslu súbdjákns. Hann var táníngur í jólaveislu hjá Snorra í Reykholti 1226 og mælti fyrir


gríðum hjá Þórði föður sínum í Hvammi þegar Sturla Sighvatsson fór þar að föðurbróður sínum sumarið 1227. Ólafur (og Sturla bróðir hans) tókst á við Órækju Snorrason eftir 1234, flutti bú sitt að ráði Snorra úr Hvammi að Borg á Mýrum 1236, tók arf eftir föður sinn vorið 1237 og orti drápu um Þorlák biskup. Sama vor er hann við Bæjarbardaga og um sumarið fara þeir frændur utan til Noregs undan ofríki Sturlu, Ólafur og Snorri, um leið og Þórður kakali. Ólafur er með Skúla hertoga þegar Snorri segist ætla út til Íslands og yrkir um skip hans. Eftir bardagann á Láku 1240 er Ólafur með Hákon og hefur þá sennilega verið í Svíþjóð á milli og ort um Eirík Svíakonung. Þá var Ólafur með Valdímar í Danakonungi (sennilega veturinn 1240-41) og fékk af honum mikinn sóma. Eftir utanförina fréttist ekki af Ólafi fyrr en Þórður kakali lætur taka hann til lögsögumanns 1248. Af óbeinum heimildum má ráða að hann hafi komið heim milli 1242-45 því að hann tengist ekki handtöku Sturlu Þórðarsonar og Órækju við Hvítárbrú 1242 en hefur að líkindum verið kominn heim og búinn að segja frændum sínum frá vistinni í Danaveldi 1245 (Björn M. Ólsen 1884). Sturla tekur við lögsögu af Ólafi 1250 en Ólafur fær hana aftur 1253 og lætur af henni sama ár „fyrir vanheilsu sakir“. Tilvísun um að Þorsteinn prestur tittlingur hafi „verið til kennslu í Stafaholti með Ólafi Þórðarsyni“ er jafnan túlkuð svo að Ólafur hafi kennt prestum í Stafaholti, a.m.k. leynir latínulærdómur hans sér ekki af Málskrúðsfræðinni. Hann er oft talinn hafa ritað Knýtlinga sögu (Bjarni Guðnason 1982) og Laxdælu (Hallberg 1963) þó að efast hafi verið um rök fyrir því (Allén 1971 og Örnólfur Thorsson 1994). Eftir hann eru varðveittar þrjár lausavísur, ein vísa úr kvæði um Hákon gamla, tólf hrynhendar vísur um hann og Skúla hertoga, tvær vísur úr drápu um Aron Hjörleifsson, og tvö brot úr kvæði um Tómas Becket, en glatað er það sem hann orti um Knút jarl Hákonarson, Eirík Svíakonung, Valdímar gamla Danakonung og Þorlák helga. Ólafur hefur því auk klerklærdómsins fengið þjálfun í skáldskaparfræðum og verið rithöfundur. Hann hefur getað lært af Snorra frænda sínum og því haft alla burði til að þekkja þá kvæðahefð sem lifði á 13. öld meðal upplýstra sagna- og kvæðamanna í Dölum og við Borgarfjörð.

Ólafur hefur sennilega samið málfræðiritgerðina skömmu eftir að hann kom heim úr utanferð sinni. Þar byggir hann að mestu á stílfræðihugtökum Dónats og finnur eða yrkir íslensk kvæðadæmi til skýringar á þeim. Athygli fræðimanna hefur fyrst og fremst beinst að latínulærdómi Ólafs (Collings 1967; Raschellà 1983; Albano 1985-86; Sverrir Tómasson 1992:529-32), hvaða fyrirmyndir hann hafi notað og hvernig hann leggi þær út. Málfræðikaflinn (Málfræðinnar grundvöllur sem fylgir Prisciani) hefur verið rannsakaður (Micillo 1993), Kristján Árnason (1993) hefur fjallað um tónkvæði og orðtóna í forníslensku með hliðsjón af Ólafi, Björn M. Ólsen (1884) og Raschellà (1994) hafa skrifað um uppruna rúnakaflans og Sverrir Tómasson (1993) hefur gert greint fyrir formála málfræðiritgerðanna. Kvæðadæmi Ólafs hafa á hinn bóginn notið minni athygli nema helst vísa sem hann eignar Kormaki og önnur

sem eignuð er Birni hítælakappa í sögu hans (sbr. nmgr. 2). Þá hefur dæmi Ólafs um ofljóst¹ stundum verið haft til gamans og sú vísa sem talin hefur verið lokaerindi Arinbjarnarkviðu („Var eg árvakr...“) er vita-skuld vel þekkt, en hún er hvergi varðveitt nema hjá Ólafi. Í vísnaðæmunum má þó ætla að hann sýni þekkingu sína á skáldskap sem samtíðarmenn hans höfðu kynni af; skáldskap sem er eignaður skáldum frá öllum öldum Íslandsbyggðar, bæði hér og í Noregi eins og Finnur Jónsson (1923:924) benti á, án þess að vinna úr því frekar. Dæmin eru, með öðru, til vitnis um að menn hafi hugsað skipulega um list skáldskaparins áður en latfnulærdómur kom til (Raschella 1983:293, 298) en hugsanlegt heimildagildi þeirra virðist hafa farið framhjá fræðimönnum, eins og fram kemur í orðum Sverris Tómassonar (1992:531) sem endurspeglar hefðbundin viðhorf: „Einstaka vísur eru og hvergi til annars staðar.“ Hér á eftir kemur fram að rúmlega 2/3 af vísnaðæmunum eru hvergi til annars staðar, ef farið er eftir heimildum neðanmáls í útgáfu Finns Jónssonar (1927) á *Málhljóða- og málskrúðsriti* Ólafs Þórðarsonar, og í *Skjaldedigningen* (1912-15, einkum 590-602 í AI, skst. FJ).

Þrátt fyrir þögnina eru kvæðadæmin verð sérstakrar rannsóknar. Ætla má að þegar Ólafur vísar til kvæðisbrota eftir nafngreind skáld, án frekari skýringa, hafi þau verið lesendum/áheyrendum hans sámilega kunn. Því má fá ágæta hugmynd um ástand/styrk dróttkvæðahefðarinnar um miðja 13. öld með því að rýna í þessi dæmi og gera sér grein fyrir hvernig þau geti verið til komin. Þar ætti að koma í ljós hvaða kvæði og skáld eru honum svo töm að hann grípi til þeirra þegar hann tekur sér fyrir hendur að finna íslensk dæmi úr kveðskap til að skýra latnesk stílfraeðihugtök — og ætlast þá jafnframt til að þeir sem hann vísar kunnuglega til séu ekki óþekktir meðal væntanlegra lesenda.

Í Málskrúðsfræðinni nefnir Ólafur 34 skáld og tekur 123 dæmi úr kveðskap, alls 354 línur. Flest dæmanna eru brot úr vísnum en þó eru sjö heil erindi (þar af eitt tvítekið):



TAFLA 1: Flokkun kvæðadæma í 3. málfræðiritgerðinni.

¹ „Vist er vmz hermd a hesti / hefir flíod ef vill goðan“ sem Ólafi tekst að skýra svo: „legg ec a ió reiði þokca“, þ.e. „legg ec a ioreiði þokca goðan“ og: „Hefir flíod ef vill: konv má ná“, þ.e. „konv mána“! (bls. 66-67 í útgáfu). Af þessari vísnaðæmun má sjá hve óra fjarri „réttum“ skilningi við nútíma menn hljótum oft að vera í getgátum okkar um túlkun dróttkvæða. Sjá um þetta dæmi: Magnús Snædal 1993:216-217.

Sú spurning sem við getum reynt að leita svara við er: hvaðan komu Ólafi þessi dæmi? Uppruni þeirra getur a.m.k. verið ferns konar: a) úr skrifuðum heimildum; b) úr munnlegri geymd; c) frumort/umort; eða d) þýdd og staðfærð eftir fyrirmyndinni. Hafi Ólafur ort mikið eða þýtt sjálfur má ætja að þann kveðskap sé heist að finna á meðal þess 5 í dæmis sem er hvort tveggja: a) ekki kunnugt úr öðrum bókum og b) tilgreint án höfundar. Um það verður þó lítið sagt hér enda varla hægt að komast lengra við að ákvarða uppruna þeirra dæma sem fátt meira er vitað um.

Um hin dæmin gegnir öðru máli og hægt er að byrja á að athuga inngangsorð þeirra kvædadæma sem eru kunn úr öðrum heimildum:

sem Snorri kvað	sem Snorri kvað
2 línur (Háttatal 83)	4 línur (Háttatal 73)
sem hér	sem Hallfreður kvað
1 lína (úr vísu e. Þormóð	2 línur (f Hkr., ekki f sögu hans)
Kolbrúnarskáld, f Fóstbræðra sögu en	sem kveðið er í Grímnismálum
ekki f Hkr.)	2 línur (Grímnismál 47)
sem Egill kvað	sem Máni kvað
8 línur (Arinbjarnarkviða 16)	4 línur (f Skáldskaparmálum)
sem kvað Hárekur f Þjóttu	sem Eyvindur kvað
2 línur (Eyvindarson, f Ólafs. s h.)	4 línur (úr Háleygjatali, Hkr.)
sem Glúmur kvað	sem Markús kvað
4 línur (Geirason, Gráfeldardr Hkr.)	2 línur (Skeggjason, f SnE.)
sem hér	sem Ormur Steinþórsson kvað
2 línur (e. Björn hftdælak., f sögu	2 línur (f SnE.)
hans)sem hér	sem Snorri kvað
2 línur (e. Einar f Velleklu, Hkr.)	2 línur (Háttatal 5, ekki W)
sem Eyvindur kvað	enn sem Snorri kvað
2 línur (skáldaspillir, Hkr.)	2 línur (Háttatal 5, ekki W)
sem Arnór kvað	sem hér
2 línur (Hrynhenda um Magnús f Mork.)	4 línur (Þórður Kolbeinason, f Hkr.)
sem kvað Halldór skvaldri	sem hér er kveðið
4 línur (úr Útfarardrápu ?)	4 línur (líka í SnE.)
sem Sighvatur kvað	sem hér
1 lína (Nesjavfsur, Fagursk.)	1 lína (Gilli jarl f Njálu um Brján)
sem Snorri kvað	sem Sighvatur kvað
2 línur (Háttatal 28)	4 línur (Bersöglisvísur, Hkr.)
sem Björn kvað	sem Einar kvað
2 línur (Hólmögöngu-Bersi, Korm. s)	4 línur (Skúlason, Geisli 1)
sem Sighvatur kvað	sem hér
1 lína (þ.e. Þórðarson, f Hkr.)	3 línur (úr Gátum Gestumblinda)
sem Snorri kvað	sem Egill kvað
3 línur (Háttatal 15-16)	4 línur (líka í Egils sögu)
sem hér	sem Snorri kvað
4 línur (Snorri, Háttatal 40)	8 línur (f Hákonarsögu)

TAFLA 2: Inngangsorð vísna í 3. málfræðiritgerðinni, sem eru jafnframt kunn úr öðrum heimildum.

Ef við tökum saman lista um þær heimildir þar sem ofangreindar vísur koma fyrir utan Málskrúðsfræðinnar kemur strax í ljós að flestar þeirra hafa ýmist verið ritaðar á dögum Ólafs, eða eru varðveittar í verkum sem ætla má að gætu verið kunn sem sjálfstæð verk á munnlegu stigi (s.s. Gátur Gestumblinda, Grímnismál og Arinbjarnarkviða). Athyglisvert er að vísur úr Bjarnar sögu hftdælakappa og Kormaks sögu skuli ekki vera

eignaðar sömu skáldum hjá Ólafi og í sögunum – sem gæti bent til þess að hann hafi lært þær úr munnlegri geymd en ekki tekið þær af bók þar sem þessar sögur voru ritaðar í heilu lagi.² Annars dregur listinn fram þau verk sem Ólafur gæti hafa þekkt:

Snorra-Edda
Heimskringla
*forrit Morkinskinnu
Fagurskinna
Egils saga
Vísur Snorra í Hákonar s.
*Brjáns saga

Arinbjarnarkviða
Grímnismál
Geisli
Gátur Gestumblinda
Bjarnar saga hítðælakappa
(vísa ófeðruð hjá Ólafi
en eignuð Birni í sögu)

Fóstbræðra saga (vísa
ófeðruð hjá Ólafi en
eignuð Þormóði í sögu)
Kormaks saga (vísa eignuð
Birni hjá Ólafi en
Hólmgöngu-Bersa í
sögu)

TAFLA 3: Verk sem geyma sömu vísur og vitnað er til í 3. málfræðiritgerðinni.

Hægt er að líta á þennan lista sem heimild um verk sem menntaður Íslendingur í Borgarfirði um miðja 13. öld gat verið sémilega kunnugur. Uppistaðan eru verk Snorra Sturlusonar og þær heimildir sem hann hafði tiltækar við ritun Heimskringlu. Ólafur hefur því víslega lesið allt það nýjasta í borgfirskum bókmenntum, en lítið umfram það af innlendu efni – enda óvíst að úrvalið hafi verið mikið. Ef þessi listi er tekinn bókstaflega staðfestir hann hugmyndir okkar um að konungasagnasamsteypurnar, Egils saga og Snorra-Edda hafi þegar verið til á bók á fyrri hluta 13. aldar.

Ólafur nefnir aðeins Egil af nafnkunnnum skáldum Íslendingasagna og gæti það bent til þess að hann hafi ekki þekkt önnur skáld úr þeim sögum með nafni — og gæti það verið röksemd fyrir því að ritun Íslendingasagna hafi byrjað með Eglu (sbr. Jónas Kristjánsson 1990; líka Baldur Hafstað 1990 og Vésteinn Ólason 1991). Þrjú vísnaðæmi eru þekkt úr öðrum Íslendingasögum, þar af tvö ófeðruð dæmi, annað úr vísu í Bjarnar sögu hítðælakappa og hitt úr Fóstbræðra sögu, og eitt dæmi sem er ekki feðrað eins hjá Ólafi og í Kormaks sögu (eignað Birni hjá Ólafi en Bersa í sögu, sem gæti skýrst af því að þessi nöfn eru samheiti). Ófeðruðu dæmin úr Fóstbræðra sögu og Bjarnar sögu mætti annað hvort skýra með því að: 1) Ólafur hafi ekki þekkt höfunda þeirra (sem gæti stafað af því að hann hafi ekki lært vísurnar af skrifvörðum sögum) eða: 2) hann hafi talið dæmin svo vel þekkt að ekki þyrfti að feðra þau (sbr. dæmin úr Velleklu, Háttatali, Heimskringlu, *Brjáns sögu og Gátum Gestumblinda sem hann tilgreinir ekki heldur hvaðan eru). Síðari skýringin fæli í sér að hann hafi þekkt fleiri skáld Íslendinga sagna en Egil, hvort sem það var af bóklestri eða úr munnlegri geymd. Engin leið er þó að ákvarða hvor skýringin er réttari en dæmin úr Fóstbræðra

² Bjarni Einarsson 1961:57-59 ræðir vísuna sem er bæði hjá Ólafi og í Bjarnarsögu (og tekur undir með Konráði Gíslasyni að hún sé líklega eftir Björn hítðælakappa, en um slíka vangaveitur verður ekkert sagt hér) og vísuna sem Ólafur eignar Kormaki en er ekki í sögu hans (sjá hér að neðan í flokki vísna sem eru ekki kunnar úr öðrum heimildum). Þá vísu telur Bjarni sennilegt að Ólafur hafi afbakað eftir ótraustum minni frá því að hann las Kormaks sögu, og eignað síðan Kormaki samsetning sinn. Miðað við hve margar vísur eru ekki eignaðar neinum höfundum í ritgerð Ólafs er vandséð af hverju hann ætti að eigna nafngreindum skáldum einstakar vísur ef ekki var einhver hefð fyrir slíku.

sögu og Bjarnar sögu gætu komið til álita við umræðu um aldur þessara sagna, en þær hafa báðar verið yngdar nýlega miðað við það sem áður var talið (Jónas Kristjánsson 1972:292-310 og Bjarni Guðnason 1994).

Þessu næst er forvitnilegt að huga að inngangsorðum þeirra kvæða og kvæðisbrota sem *ekki eru kunn* úr öðrum ritheimildum:

- sem kvað Auðun illskælda 4 línur, ein önnur vísa til f þætti af skáldum Haralds hárfagra í Ólafs sögu Tryggvasonar. FJ segir hann norskt skáld frá 9. öld.
- sem Arnór kvað 1 lína (jarlaskáld). Mikið til eftir hann, yrkir á s.hl. 11. aldar um jarla og konunga, Magnús góða og Harald harðráða. Var frá Hitarnesi í Hnappadalssýslu. Þáttur af honum í Morkinskinnu.
- sem hér 2 línur með goðsagnaefni (kenningin „Brynhildar bróðir“) eftir ógreindan höfund.
- sem kvað Eilífur Guðrúnarson 4 línur. FJ eignar þetta brot Eilífi kúlmasveini, Íslendingi frá 12. öld (sem orti Kristsdrápu). Eilífur Guðrúnarson er líka sagður Íslenskur (uppruni óvís) og orti á 10. og 11. öld, m.a. Þorsdrápu og kristilegt kvæði. Kunnur úr Snorra-Eddu.
- sem hér 2 línur.
- sem Einar kvað 2 línur (vísuþrotið um konu Mána, sbr. nmgr. 1) Skúlason, um miðja 12. öld. Ef þetta er hann þá er hann frá Borg á Mýrum og þáttur um hann í Morkinskinnu. Orti mikið og Ólafur vitnar annars staðar í Geisla.
- sem Skraut-Oddur kvað 4 línur. Skraut-Oddur er bara nefndur hér (önnur vísa síðar) og FJ segir hann ísl. frá 11. öld.
- sem Starkaður gamli kvað 4 línur, fornsagnapersóna.
- sem hér 2 línur.
- sem hér 1 lína.
- sem Ólafur Leggsson kvað 1 lína (goðafr.). Ísl. skáld á 13. öld, svartaskáld, orti um Hákon, Skúla og Krist. Af ætt Lundamanna í Borgarfirði, átti sök í dauða Jóns murta Snorrasonar 1231.
- sem hér 1 lína (goðafr.)
- sem Einar kvað 2 línur (Skúlason), sjá að ofan.
- sem hér er kveðið 2 línur.
- og sem þetta 2 línur.
- sem hér er kveðið 2 línur.
- sem Þorleifur jarlsskáld kvað 4 línur (Rauðfeldarson), á 10. öld, frá Brekku í Svarfaðardal. Þáttur af honum í Flateyjarbók. Þessi vísa er um Hákon (Hlaðajarl?) en í Hkr. er önnur vísa um hann eftir Þorleif. Bjó síðast í Mýrdal.
- sem Snorri kvað 2 línur. Eina trúarlega kvæðið (?) eftir Snorra.
- sem hér 2 línur.
- sem í Hafliðamálum 3 línur, FJ segir þetta frá 12. öld (1121) og gæti þá átt við Hafliða Mátsson.
- sem hér er kveðið 2 línur.
- sem Þjóðólfr kvað 4 línur, Arnórsson, ættaður úr Svarfaðardal, fór ungur utan, var með Magnúsi góða og Harald harðráða og dó 1066 við Stafnfurðu. Gæti hafa ort þetta þegar Magnús dó 1047. Mikið til af skáldskap eftir hann; kemur við Heimskringlu, Sneglu-Halla þátt og Brands þátt örva.
- sem hér er kveðið 2 línur.
- sem hér 5 línur.
- sem Kolbeinn kvað 4 línur (Tumason?), Ásbirningur, dó 1208.
- sem hér er kveðið 4 línur.
- sem Arnór kvað í Magnúsdrápu 2 línur (vísa bara hér, gæti verið úr inng. að Magnúsdrápu?), sjá um Arnór að ofan.
- sem Guðbrandur kvað í Svölu 2 línur. FJ telur þetta sama Guðbrand og kemur við Hrafns sögu (um 1200) og yrkir þar eina vísu sem er tilfærð til að sanna viðtöku Hrafns á Lofti Markússyni sem sagði Sighvat hafa sent sig af Mýrum til Hrafns.

- sem Sneglu-Halli kvað 4 línur, var með Haraldi harðráða um miðja 11. öld. Þáttur af honum er í Morkinskinnu, Huldu og Hrokkinskinnu.
- sem hér er kveðið
Og sem hér er kveðið
sem Þjóðólfrur kvað 4 línur.
2 línur.
2 línur, Arnórsson. Þetta brot er sett í samband við Harald harðráða í Hkr., sjá að ofan.
- sem Guðlaugur kvað 4 línur, ekkert annað til eftir hann (né nokkurn Guðlaug) en FJ segir hann íslenskan frá 12. öld. Nokkrir Guðlaugar koma við Sturlunga sögu.
- sem hér er kveðið
sem hér er kveðið
sem Ólafur kvað
sem Hallar-Steinn kvað 2 línur.
2 línur.
4 línur (hvítaskáld?).
2 línur (Herdísarson), um 1200, gæti verið kenndur við Höll í Þveráhlíð. Orti Rekstefju, 35 vísur um Ólaf Tryggvason.
- sem Egill kvað
sem hér
sem Bragi hinn gamli kvað
sem Kormakur kvað 2 línur. Eina brot af þessu tagi eftir Egil, illskiljanlegt.
2 línur (úr Íslendingadrápu?)
2 línur.
2 línur (ekki í sögu?). Kormakur var frá Mel í Miðfirði og brot úr Sigurðardrápu eftir hann eru í Snorra-Eddu og Heimskringlu.
- sem Arnór kvað 2 línur (úr Magnúsdrápu, inngangi?). Sjá um Arnór að ofan.
- sem hér
sem fyrr er ritað
sem fyrr er ritað
sem í Bjúgum vísium
sem Sighvatur kvað 1 lína (áður hér).
1 lína (áður hér).
1 lína (áður hér).
1 lína. FJ segir þetta frá 12. öld.
2 línur (erfidrápa Ólafs?). Sighvatur var frá Apavatni í Grímsnesi og Snorri ritaði um hann þátt í Ólafs sögu helga.
- í þessum orðum
sem hér er kveðið
sem hér er kveðið
sem hér
sem hér er kveðið
sem Glúmur kvað 1 lína (áður hér).
4 línur (líkist latn., - eftir Ólaf?).
4 línur (líkist faðir vor).
4 línur (lofkvæði eftir Ólaf?).
1 lína.
- sem hér
sem hér
sem hér
sem hér
sem hér
sem hér er kveðið
sem hér er kveðið
sem Egill kvað 2 línur (Geirason, vísubrot um Eirík). Ísl. skáld á 10. öld, bjó við Mývatn og í Króksfirði, orti við fall Eiríks blóð-axar og Gráfeldardrápu um Harald gráfeld í Hkr.
4 línur (lofkvæði eftir Ólaf?).
4 línur.
- sem hér
sem hér
sem hér
sem hér
sem hér
sem hér er kveðið
sem hér er kveðið
sem Egill kvað 2 línur (f K, ekki W).
2 línur.
2 línur.
4 línur.
4 línur.
2 línur.
- sem hér
sem hér
sem hér
sem Skraut-Oddur kvað
sem hér
sem Þjóðólfrur kvað 8 línur (úr Arinbjarnarkviðu?). Þau tvö erindi sem hér eru talin úr kviðunni (þetta og lokaerindið hér á eftir) gætu hafa staðið þar sem Mjóðruvallabók er orðin ólæsileg.
8 línur.
- sem Markús kvað 4 línur (líkist Haustlöng).
4 línur (vantar A, W)
2 línur, sjá um hann að ofan.
1 lína (bara í K, ekki A,W)
4 línur. FJ eignar þetta Þjóðólfi hvinverska og þykir sem vísan líkist Ynglingatali. Ólafur greinir þennan Þjóðólfi ekki frá Þjóðólfi Arnórssyni sem hann hefur þegar vitnað til, því virðist eðlilegt að telja þetta sama mann og þegar hefur verið vitnað til með þessu nafni.
2 línur (bara K ekki A,W), líklegast Skeggjason sem dó 1107 og var lögsögumaður 1084-1107. Bjó á Suðurlandi og orti hrynhenda drápu um Eirík góða

- Sveinsson Danakonung (sem hann sendi utan) sem er varðveitt í brotum í Knýtlunga sögu.
- sem hér
sem Þjóðólfur kvað
sem hér
sem hér
sem hér
sem hér
sem hér
sem hér
sem Leiðólfur kvað
- sem hér er kveðið
sem hér er kveðið
sem Egill kvað
sem hér
sem hér
sem Sveinn kvað
- sem í Kúgadrápu
sem Sveinn kvað
sem hér er kveðið
sem Egill kvað
- sem Nikulás ábóti kvað
- sem hér er kveðið
- eyða í hdr.
4 línur (ekki W).
2 línur (ekki W).
2 línur (ekki W).
2 línur (ekki W).
4 línur (ekki W).
2 línur.
2 línur (minnir á Arinbjarnarkviðu).
2 línur. Leiðólfur kemur fyrir í Njálu en þetta er eina vísuþrotið eftir Leiðólf og ekkert er um hann vitað.
2 línur.
4 línur.
8 línur (lokaerindi Arinbjarnarkviðu?).
2 línur.
2 línur.
4 línur (líkist vísu eftir Úlf) FJ telur þetta sama Svein og orti Norðursetudrápu sem er vitnað til í Snorra-Eddu. Segir hann frá 11. öld.
2 línur. Kúgi kemur fyrir í Orkneyinga sögu.
1 lína. Sjá að ofan.
4 línur.
8 línur (sama vísu og fyrri vísan að ofan sem talin er vera úr Arinbjarnarkviðu).
8 línur. Ábóti á Munkaþverá, d. 1159. Skrifaði Leiðarvísan og orti drápu um Jóhannes postula. Þetta brot hér er talið um Krist.
4 línur

TAFLA 4: Inngangsorð kvæðadæma í 3. málfræðiritgerðinni, sem eru ekki kunn úr öðrum heimildum.

Í ofangreindum inngangsorðum nefnir Ólafur þrjú annars óþekkt kvæði án þess að geta um höfund:

Hafliðamál (gætu verið um Hafliða Másson, skv. FJ)	Þjúgar vísur	Kúgadrápa (Kúgi er í Orkneyingasögu)
-------------------------------------------------------	--------------	-----------------------------------------

TAFLA 5: Nafngreind kvæði sem vísað er til í 3. málfræðiritgerðinni og eru ekki kunn úr öðrum heimildum.

Þeir höfundar sem koma fram í inngangsorðum vísnaðæmanna eru þessir (í sömu röð og hjá Ólafi):

Auðun illskælda	Arnór jarlaskáld (2. sinn)	Glúmur
Arnór jarlaskáld	Guðbrandur í Svölu	Egill (2. sinn)
Eilífur Guðrúnarson	Sneglu-Halli	Skraut-Oddur (2. sinn)
Einar (Skúlason)	Þjóðólfur (2. sinn)	Þjóðólfur (3. sinn)
Skraut-Oddur	Guðlaugur	Markús (Skeggjason)
Starkaður gamli	Ólafur (hvítaskáld?)	Þjóðólfur (4. sinn)
Ólafur Leggsson	Hallar-Steinn (Herdísarson)	Leiðólfur
Einar (Skúlason)	Egill (Skallagrímsson)	Egill (3. sinn)
Þorleifur jarlsskáld	Bragi inn gamli	Sveinn
Snorri	Kormakur	Sveinn (2. sinn)
Þjóðólfur (Arnórsson)	Arnór jarlaskáld (3. sinn)	Egill (4. sinn)
Kolbeinn (Tumason)	Sighvatur	Nikulás ábóti

TAFLA 6: Höfundar vísna sem vísað er til í 3. málfræðiritgerðinni og eru ekki kunnar úr öðrum heimildum.

Það sem Ólafur eignar skáldunum í TÖFLU 6 er ekki þekkt úr öðrum ritheimildum. Það er því hugsanlegt að hann hafi lært kvæði þeirra án þess að stauta sig fram úr þeim á skinni. Þetta skáldatal gæti verið skrá um skáld sem hafa verið nógu ofarlega í huga Ólafs til að kvæði þeirra rötudu inn í dæmasafn sem menntaður maður á vesturlandi um miðbik 13. aldar þekkti til úr munnlegri geymd. Og með því að grafast fyrir um hvaðan þessi skáld koma getum við dregið upp bókmenntalegan sjóndeildarhring Ólafs Þórðarsonar á menntasetrinu í Stafholti. Eins og sjá má af inngangsorðunum sem tilfærð eru hér að framan er ekki alltaf ljóst við hvaða skáld Ólafur á þegar hann nefnir þau aðeins með fyrra nafni. Með því að fylgja Finni Jónssyni í *Skjaldedigtningun*, miða við sams konar inngangsorð vísna sem eru þekktar úr öðrum heimildum, og geta sér til um við hvaða höfunda sé átt þegar nefnd eru nöfn þekktra skálda má þó gera sér þokkalega mynd af því til hvaða skálda Ólafur er að vísa.

Hægt er að skipa skáldunum sem Ólafur nefnir í tvo hópa eftir því hvað við þekkjum vel til uppruna þeirra. Fyrst skal telja skáld af óvísnum uppruna en sum þeirra eru þó þekkt á bókum:

Auðun illskælda (kunnur úr Ól. s. Tryggvas. sem skáld Haralds hárfagra)
Eilífur Guðrúnarson (yrkir á 10. og 11. öld, kunnur úr Snorra-Eddu)
Skraut-Oddur (bara hér, með tvö brot)
Starkaður gamli

Guðbrandur í Svölu gæti verið í kringum Sighvat Sturluson og Hrafn um 1200.
Guðlaugur (Íslenskur frá 12. öld?)
Bragi gamli
Leiðólfur
Sveinn gæti hafa ort Norðurstudrápu í Snorra-Eddu (11. öld?).

TAFLA 7: Skáld af óvissum uppruna, borin fyrir annars óþekktum vísnum í 3. málfræðiritgerðinni.

Þeim skáldum sem hér eru talin af óvissum jarðneskum uppruna má skipa í þrjá flokka eftir því hvaðan þau eru þekkt:

- 1) *alþekktar forsögulegar persónur*: Starkaður gamli og Bragi gamli; báðir með kunnustu forsögulegu persónum og þarfnast því varla skýringar;
- 2) *kunn skáld af skrifborði Snorra við ritun Heimskringlu og Snorra-Eddu*: Auðun illskælda, Eilífur og Sveinn;
- 3) *óþekkt skáld nema hjá Ólafi*: Guðbrandur (nema hann sé sá sem bregður fyrir í Hrafn sögu), Skraut-Oddur, Guðlaugur og Leiðólfur.

Meira er vitað um þessi skáld (með nokkrum ágiskunum um við hvern sé átt þegar vísað er til kunnulegra skáldanafna):

Arnór jarlaskáld frá Hftarnesi í Hnappadalssýslu. Þáttur í Morkinskinnu (11. öld).
Einár Skúilason frá Borg á Mýrum. Þáttur í Morkinskinnu af honum (12. öld).
Ólafur Leggsson af Lundamannaætt og á sök í dauða Jóns Murts (13. öld).
Þorleifur jarlsskáld úr Svarfaðardal, m.a. í Hkr. Yrkir um Hákon Hlaðajarl (10. öld).

Hallar-Steinn gæti verið frá Höll í Þverárhlíð. Orti um Ólaf Tryggvason en var sjálfur uppi um 1200.
Egill Skallagrímsson á Borg á Mýrum á 10. öld.
Kormakur frá Mel í Miðfirði. Kvæði hans eru í SnE. og Hkr. (10. öld).
Sighvatur Þórðarson frá Apavatni í Grímsnesi. Þáttur um hann hjá Snorra í Ólafs s. helga (11. öld)

Snorri Sturluson, í Borgarfirði á 13. öld.
Þjóðólfur Arnórsson úr Svarfaðardal orti um Magnús góða og Harald harðráða (11. öld). Í Hkr., Sneglu-Halla þ. og Brands þ. 8rva. Kolbeinn Tumason, Ásbirningur í Skagafirði á 12./13. öld.
Sneglu-Halli, norðlenskur, var með Haraldi harðráða um miðja 11. öld.
Þáttur m. a. í Morkinskinnu.
Ólafur hvítaskáld, höfundur ritgerðarinnar?

Glúmur Geirason bjó við Mývatn og í Króksfirði. Hann orti um Eirík blóðöx og Harald gráféld í Heimskringlu (10. öld).

Markús Skeggjason var lögsögumaður 1084-1107. Þjó á Suðurlandi og orti hrynhendu um Eirík góða Sveinsson Danakonung í Knýtlinga sögu.
Nikulás ábóti á Munkaþverá dó 1159.
Honum er eignaður íslenskur leiðarvísir handa þrlagrímum til Landsins helga.

TAFLA 8: Vel þekktir höfundar vísna í 3. málfræðiritgerðinni sem ekki eru kunnar úr öðrum heimildum.

Og enn má spyrja: Hvernig kynntist Ólafur þeim skáldum sem talin eru í TÓFLU 8? Til að svara því má flokka skáldin í fjóra hópa:

- 1) *alþekktu menn úr nánasta menningarumhverfi Ólafs*: Snorri Sturluson og Egill (dæmi Ólafs sýna hvað hann hefur verið ofarlega á skrifborðum þeirra frænda);
- 2) *kunn skáld af skrifborði Snorra við ritun Heimskringlu og Snorra-Eddu*: Þorleifur jarlsskáld, Þjóðólfur Arnórsson, Hallar-Steinn, Kormakur, Sighvat-ur og Glúmur Geirason;
- 3) *kunn skáld af þáttum úr *forriti Morkinskinnu*: Arnór, Einar Skúlason og Sneglu-Halli (athyglisvert er reynt hefur verið að tengja Sneglu-Halla við Snorra (sbr. Hermann Pálsson 1992));
- 4) *landskunna menn á 13. öld*: Markús Skeggjason (Hrynhenda hans er í *Knýtlinga sögu*. Nefna má að Ólafur yrkir sjálfur hrynhendu, eins og Arnór og Markús), Nikulás ábóti og Kolbeinn Tumason.

Vísnaðæmi skáldanna hefur Ólafur þó ekki getað þegið úr ofan- greindum ritum, eins og við þekkjum þau. Því má reyna að glöggva sig á hvaðan af landinu þessu vel þekktu skáld komu. Flest eru kunn hirðskáld úr verkum Snorra og Morkinskinnu en þau sem ekki eru þekkt þaðan koma öll af vesturlandi:

Skáld af vesturlandi, þ. á m. kunn hirðskáld:
Egill Skallagrímsson (10. öld)
Arnór jarlaskáld (11. öld)
Einar Skúlason (12. öld)
Hallar-Steinn (um 1200)
Ólafur Leggsson (13. öld)
Snorri Sturluson (13. öld)
Ólafur hvítaskáld (13. öld)

Hirðskáld og farmenn, aðallega af norðurlandi:
Kormakur (10. öld)
Glúmur Geirason (10. öld)
Þorleifur jarlsskáld (10. öld)
Þjóðólfur Arnórsson (11. öld)
Sighvatur Þórðarson (11. öld)
Sneglu-Halli (11. öld)


TAFLA 9: Meginflokkar vel þekkttra höfunda vísna í 3. málfræðiritgerðinni, sem ekki eru kunnar úr öðrum ritheimildum: a) skáld af vesturlandi, þ. á m. eldri hirðskáld og samtímamenn, og b) eldri hirðskáld, aðallega af norðurlandi.

Þau hirðskáld sem ekki eru af vesturlandi koma öll að norðan, nema Sighvatur: Kormakur er úr Miðfirði (sem stendur Dalamönnum nærri eins og sést af því að Sturla skreppur norður í Miðfjörð fyrir aðför Vatnsfirðinga að Sauðfelli 1229), Glúmur Geirason bjó við Mývatn, Þorleifur og Þjóðólfur eru úr Svarfaðardal og Sneglu-Halli var

norðlenskur að ætt. Þekkingu Ólafs á skáldum úr þessum landshluta má e.t.v. skýra með því að Morkinskinna getur hafa verið rituð í Eyjafirði og þeir Sturlungar hafa haft taugar til norðurlands eftir að Sighvatur Sturluson fluttist að Grund í Eyjafirði árið 1215 (sbr. Andersson 1993).

Utan þessara tveggja meginflokka lenda menntamennirnir Markús lögsögumaður, sem yrkir hér heima en sendir kvæði sitt utan, Nikulás ábóti og Kolbeinn Tumason en þeir voru allir vel þekktir á sinni tíð eins og fram kom að ofan. Lítið er nú hægt að segja um Guðbrand, Skraut-Odd, Guðlaug og Leiðólf nema geta sér þess til að þeir hafi verið kunnir menn þó að við höfum nú litlar spurnir af þeim.

Það vekur sérstaka athygli við skáldalista Ólafs að þar skuli ekki vera skáld sem við þekkjum ágætlega til úr Íslendingasögum — skáld sem hafa þó ekki getið sér gott orð við erlendar hirðir. Það gæti verið vísbending um að hin sameiginlega kvæðahefð landsmanna hafi átt sér miðstöð við hirðir í í nálægum löndum fremur en til dæmis á Alþingi við Öxará. Ekkert er minnst á Gísla Súrsson eða önnur skáld Íslendingasagna sem okkur þætti sjálfsgagt að nefna í yfirlitsritum. Og það er eftirtektarvert að Ólafur skuli ekki vitna í neina vísu eftir Borgfirðinginn Gunnlaug ormstungu, eins og Snorri frændi hans gerði í Eddu sinni. Deilur þeirra Skáld-Hrafns og Gunnlaugs um Helgu fögru hafa verið kunnar á fyrri hluta 13. aldar því að tvisvar er vitnað til þeirra í Egils sögu. Skv. sögu Gunnlaugs hefur hann verið mikið og ágætlega þekkt skáld en vel er hugsanlegt að sá sem ritaði sögu hans seint á 13. öld hafi aukið við skáldgáfur aðalpersónunnar og jafnvel ort eitthvað af þeim vísu sem honum eru eignaðar — sem gæti þá verið skýring á þögn Ólafs um vísur þessa „kunna“ skálds úr byggðum Borgarfjarðar.



TAFLA 10: Flokkar vísna og þekktara skálda sem vísað er til í 3. málfræðiritgerðinni

Niðurstaðan er sú að Ólafur hafi notað ritverk sem voru þekkt um hans daga, einkum verk Snorra. Hann vitnar til óþekktra vísna eftir menn sem eru kunnir úr þessum verkum og það gæti bent til þess að þeir frændur hafi kunnað fleiri vísur en voru notaðar í rit Snorra. Í því gæti verið fólgin vísbending um meiri kvæðahefð en fram kemur í sögunum — sem mælir aftur gegn því að sagnaritarar hafi sjálfir ort mikið inn í þær. Sumar þeirra vísna sem eru eftir þekkt skáld af eldri bókum má flokka sem mansöngva og gæti það verið skýring á að ekki hafi þótt víðeigandi að fá þeim staðfestu á bókfelli. Að öllu samanlögðu virðist kvæðaþekking Ólafs úr munnlegri geymd bundin við: a) alþekkt fornorræn skáld, b) íslensk skáld sem höfðu getið sér gott orð við konungshirðir á fyrri öldum, og c) samtímaskáld Ólafs af vesturlandi.

Í ljósi þessara skýru flokka er ósennilegt að þögn Ólafs um skáld af öðrum landshornum megi skýra með því að þau hafi ekki ort vísur með hentugum dæmum fyrir þau stílfræðihugtök sem hann vildi kenna í ritgerð sinni. Lúklegra er að ef til vill megi notfæra sér þessa niðurstöðu sem almenna vísbendingu um takmarkaða útsýn sagnaritara yfir sögur og kvæði úr öðrum héröðum; sögur og kvæði sem menn hafa þá ekki heyrt og haft lítil tók á að kynna sér á bók fyrir en með tilkomu safnríta á borð við Möðruvallabók og Vatnshyrnu — og jafnvel þá hefur það ekki verið á allra færi að lesa þær tiltölulega fáu skinnbækur sem til voru í landinu. Svæðisbundin munnleg kvæðaþekking Ólafs gefur að minnsta kosti tilefni til að ætla að munnleg sagnaþekking af innlendum atburðum hafi verið bundin við nágrejnið þar sem fólk þekkti til staðhátta og hafði sögu svið og örnefni fyrir augunum til að minna sig á helstu persónur og stórtíðindi.*

Heimildir

- Albano Leoni, Federico. 1985-86. „Donato in Thule. *Kenningar e tropi nel terzo trattato grammaticale islandese.*“ *AION-Filologia Germanica* 28-29, 1-15.
- Allén, Sture. 1971. „Om textattribution: Kring en avhandling af Marina Mundt.“ *Arkiv* 86, 82-113.
- Andersson, Theodore M. 1993. „Snorri Sturluson and the Saga School at Munkaþverá.“ *Snorri Sturluson. ScriptOralia* 51. Gunter Narr Verlag Tübingen.
- Baldur Hafstað. 1990. „Konungsmenn í kreppu og vinátta í Egils sögu.“ *Skáldskaparmál* 1, 89-99.
- Bjarni Einarsson. 1961. *Skáldasögur. Um uppruna og eðli ástaskáldasagnanna fornu.* Bókautgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- Bjarni Guðnason. 1982. „Formáli“ í *Danakonunga sögum*. Íslensk fornrit 35. Bjarni Guðnason gaf út. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- . 1994. „Aldur og einkenni Bjarnarsögu Hítðælakappa.“ *Sagnþing helgað Jónasi Kristjánssyni sjötugum 10. apríl 1994*. Ritnefnd: Gísli Sigurðsson, Guðrún Kvaran og Sigurgeir Steingrímsson. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík, 69-85.
- Björn Magnússon Ólsen. 1884. „Inledning“ í *Den Tredje og Fjærde Grammatiske Afhandling i Snorres Edda. Tilligemed de Grammatiske Afhandlingers Prolog og to*

* Ég vil þakka Guðrínu Nordal, Sverri Tómassyni, Örnólfi Thorssyni, Jónasi Kristjánssyni og Gunnari Harðarsyni sem lásu þessa ritgerð yfir í handriti og komu með þarfar ábendingar sem ég hef notfært mér.

- andre Tillæg.* Udgivne for Samfundet til udgivelse af gammel nordisk literatur af Björn Magnússon Ólsen. Kaupmannahöfn.
- Collings, Lucy Grace. 1967. *The "Málskrúðsfræði" and the Latin tradition in Iceland.* A Thesis Presented to the Faculty of the Graduate School of Cornell University for the Degree of Master of Arts (óprentuð meistaraþrófsritgerð).
- Finnur Jónsson. 1912-1915 (útg.). *Den Norsk-Islandske Skjaldedigtning I/II A-I/II B.* Udgiven af Kommissionen for det Arnamagnæanske Legat ved Finnur Jónsson. Gyldendalske boghandel, Nordisk forlag, Kaupmannahöfn og Kristiania.
- Finnur Jónsson. 1923. *Den oldnorske og oldislandske litteraturs Historie 2. bindi* (2. útg.). G.E.C. Gads Forlag, Kaupmannahöfn.
- Finnur Jónsson. 1927 (útg.). *Óláfr Þórðarson. Máhljóða- og málskrúðsrit. Grammatisk-retorisk afhandling.* Det Kgl. Danske Videnskabernes Selskab. Historisk-filologiske Meddelelser XIII,2. Kaupmannahöfn.
- Peter Hallberg. 1963. *Ólafur Þórðarson hvítaskáld, Knýtinga saga och Laxdæla saga: Ett försök till språklig författarbestämning.* Studia Islandica 22. Heimspékideild Háskóla Íslands og Bókauktáfa Menningarsjóðs. Reykjavík.
- Hermann Pálsson. 1992. „Hirðskáld í spéspegli.“ *Skáldskaparmál* 2, 148-169.
- Hákonar saga Hákonarsonar etter Sth. 8 fol., AM 325 VIII,4° og AM 304,4°.* Utgitt for Kjeldeskriptfondet ved Marina Mundt. Norsk Historisk Kjeldeskript-Institutt, Nørrøne Tekster nr. 2. Oslo 1977.
- Jónas Kristjánsson. 1971. *Um Fóstbræðrasögu.* Rit 1. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- . 1990. „Var Snorri Sturluson upphafsmaður Íslendingasagna?“ *Andvari* (nýr flokkur 32), 85-105.
- Kristján Árnason. 1993. „Málfræðihugmyndir Sturlunga.“ *Íslenskt mál* 15, 173-206.
- Magnús Snædal. 1993. „Yfirlit yfir forníslenskar málfræðiritgerðir.“ *Íslenskt mál* 15, 207-220.
- Micillo, Valeria. 1993. „Classical Tradition and Norse Tradition in the "Third Grammatical treatise."“ *Arkiv* 108, 68-79.
- Raschellà, Fabrizio D. 1983. „Die altisländische grammatische Literatur.“ *Göttingische Gelehrte Anzeigen* 235 nr. 3/4, 271-315.
- Raschellà, Fabrizio D. 1994. „Rune e alfabeto latino nel Trattato grammaticale di Óláfr Þórðarson.“ *Sagnáping helgað Jónasi Kristjánssyni sjötugum 10. apríl 1994.* Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Sturlunga saga I-II og Skýringar og fræði.* Ritstj. Örnólfur Thorsson. Svart á hvítu, Reykjavík 1988.
- Sverrir Tómasson. 1992. *Íslensk bókmenntasaga.* Mál og menning, Reykjavík.
- . „Formáli málfræðiritgerðanna fjögurra í Wormsbók.“ *Íslenskt mál* 15, 221-240.
- Vésteinn Ólason. 1991. „Jörðskurför í Egils sögu: Búandkarl gegn konungi.“ *Andvari* (nýr flokkur 33), 46-59.
- Örnólfur Thorsson. 1994. „Grettir sterki og Sturla lögmaður.“ [fyrrilestur á nýfundu alþjóðlega fornsagnapeningu á Akureyri 31. júlí-6. ágúst 1994]